



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

2015-2016

Fjölbrautaskóli Vesturlands



Þjóstod við nám erlendra nemenda

Verkefnisstjóri: Helena Valtýsdóttir

Nafn skóla: Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA)

Nafn verkefnisins: Aðstoð við nám erlendra nemenda

Nafn verkefnisstjóra: Helena Valtýsdóttir

Markmið verkefnis: Að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku, bæði með aukinni íslenskukennslu og með aðstoð við heimanám. Þessir nemendur hafa oftast en ekki hrökklast úr námi án þess að ljúka prófum enda hafa íslenskir skólar ekki sinnt þeim nægilega vel.

Með því að styðja þessa nemendur með aukatímum og/eða íslenskukennslu gerum við þau hæf til að ljúka námi og verða þ.a.l. hæfari samfélagsþegnar.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Í samráði við stjórnendur FVA var talað við nemendur með annað móðurmál en íslensku og þeim boðið stuðningur við heimanám auk íslenskukennslu.

Byrjunin fól í sér að meta nemendur og hversu mikinn og hvers konar stuðning hver og einn þeirra þurfti við heimanám og við íslensku.

Óvenjufáir erlendir nemendur voru í skólanum í byrjun verkefnisins og var boðið upp á 4 klukkustundir á viku fyrir þá í íslenskunám og heimanám. Þeir sem höfðu minnstan grunn í íslensku eyddu mestum tíma í íslenskunámi á meðan aðrir nemendur voru með tvo klukkutíma á viku. Þegar nemendum fjölgaði þá var ákveðið að bjóða upp á fjóra tíma í íslensku fyrir nýja nemendur.

Kennari var með stundatöflu hvers nemenda og skipulagði nám þeirra í einstökum námsgreinum í samráði við þá. Í kennslustundum fór kennari svo með nemendum í gegnum bæði skilaverkefni og aðstoðaði við lestur.

Einnig tóku nemendur hlutapróf og skyndipróf í þessum kennslustundum og aðstoðaði kennari þá við að þýða spurningar og útskýra til hvers væri ætlast. Það fyrirkomulag gafst sérlega vel og tel ég öruggt að nemendur hafi náð mun betri tókum á námsefninu heldur en ella þar eð hægt var að ræða það í stuðningstímunum og auka skilning.

Í lok hvorrar annar ræddi verkefnisstjóri við nemendur og mat stöðu þeirra í námi og framfarir sem þeir höfðu náð.

Þær óvenjulegu aðstæður voru þetta skólaár að aðeins 6 nemendur þurftu á sérstakri íslenskukennslu að halda en hins vegar ákváðum við að halda okkur við verkefnið samt sem áður svo að þessir nemendur a.m.k. gætu notið góðs af.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins Eins og kom fram hér að ofan þá voru mun færri erlendir nemendur í skólanum þetta ár en oftast áður og persónulegar ástæður eins þeirra varð til þess að nemandinn hætti námi áður en að prófum kom.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins Auðvitað komu ýmsar hindranir upp en samvinna við aðra kennara innan skólans tókst mjög vel og voru þeir langflestir skilningsríkir á þarfir þessara nemenda. Vegna þess hversu fáir erlendir nemendur voru í skólanum voru tveir nemendur settir í almenna íslenskukennslu án þess í raun að hafa til þess nægilegan grunn og þrátt fyrir aðstoð í tveimur tímum á viku náði hvorugur þeirra að ljúka einingum í þessum áfanga.

Annað sem hindraði betri árangur verkefnisins var að erfitt reyndist að taka tillit til sérþarfa þessara nemenda í töflugerð og voru sumir nemendur því í árekstri við stuðningsíma sem var afar bagalegt og tel ég fullvíst að betri árangur hefði náðst ef svo hefði ekki verið. Einnig þetta er afleiðing af hversu fáir erlendir nemendur voru skráðir í skólann þetta ár og því ómögulegt að gera eitthvað við þessu.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu Helstu ávinningar af vinnu voru þeir að nemendur náðu betri árangri á lokaprófum, tókst að ná áföngum sem þeir hefðu kannski ekki náð annars og einn nemandi náði það góðum árangri í verkefnaskilum og prófum yfir annirnar að hún þurfti ekki að taka nema eitt próf á hvorri önn þar eð svokallað sleppikerfi gerði henni fært að sleppa við

lokapróf. Annars sést ávinningur kannski ekki alveg fyrr en seinna þegar nemendur verða lengra komnir í námi en nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Aðalávinningurinn er sennilega þó sá að aðrir kennarar eru mun meðvitaðri um þarfir þessara nemenda og er það nánast orðið eðlilegt ferli að þeir tilkynni um verkefni og próf nemendurnir eiga að taka fyrirfram. Þetta mun skila sér áfram til annarra nemenda sem eiga eftir að innritast í skólann.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn Eins og fram kom hér að ofan þá tel ég að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á skólabrag og skólastarfið í heild því að skilningur annarra starfsmanna á þörfum og aðstæðum erlendra nemenda hefur aukist til muna. Nemendurnir sjálfir hafa ekki einungist bætt við sig íslensku heldur hafa þeir bætt sig í almennri námstækni og aukið möguleika sína á að ljúka námi og útskrifast.

Niðurstöður verkefnisins: Eins og fram kemur hér að ofan þá voru óvenjufáir nemendur með annað móðurmál en íslensku í skólanum þetta skólaár. Samt sem áður voru þeir með misjafnan grunn og ólíkan bakgrunn svo það þurfti að sinna þeim á einstaklingsgrundvelli.

Markmið verkefnisins náðust hjá þeim nemendum sem voru í stuðningstímumum báðar annirnar en einn nemdandi þurfti að hverfa frá námi vegna persónulegra vandamála. Þetta var ófyrirséð og ómögulegt að leysa en ég tel þó að þessir nemandi hafi haft gagn af tímumum og það hjálpi henni í framtíðinni.

Það sem situr eftir er að skilningur annarra kennara á þörfum erlendra nemenda hefur að mínu mati aukist mikið og flestir þeirra tilbúnir að sinna þessum þörfum og vera nemendum og kennara innan handar.

Það sýnir sig að þegar nemendur fá þá aðstoð sem þeir þurfa vegna tungumálsins þá geta þeir náð jafngóðum námsárangri og íslenskir jafnaldrar þeirra.

Verkefnið heldur áfram innan FVA í vetur a.m.k. þótt annar kennari hafi tekið við því og vonandi heldur það áfram meðan þörf er á svona aðstoð. Nokkuð fleiri erlendir nemendur eru við skólann nú í vetur heldur en síðasta ár, þar af eru tveir sem kunna enga íslensku og eru því í byrjendakennslu. Þessir nemendur og þrír aðrir eru í íslenskukennslu fjórar

klukkustundir á viku og þarf kennari að útbúa mismunandi námsefni fyrir þá eftir því hvernig staða þeirra er í tungumálinu. Aðrir nemendur sem hafa verið lengur á landinu og hafa betri tök á málinu fá aðstoð við heimanám tvisvar í viku (2 klukkustundir í senn), svipað og var á síðasta ári þar sem það þótti gefast vel. Einnig hér þarf kennari að skipuleggja nám hvers nemanda eftir því hvaða áfönga hann er að taka í skólanum.

Þetta krefst töluverðrar undirbúningsvinnu hjá kennara þar sem það þarf að útbúa einstaklingsmiðaða stundaskrá fyrir hvern nemenda vikulega og það getur verið mikil vinna að halda utan um stóra hóp á svona námi. Ef það er ekki gert hins vegar má búast við að vera þessara nemenda í skólanum yrði stutt og árangurslítill.

Vonandi fáum við að kenna erlendum nemendum áfram í þessari mynd en vissulega setur það strik í reikninginn að erfitt getur reynst að halda úti fámennum hópum vegna þess hversu dýrt það er og þyrfti í raun að koma inn aukafjárveiting til skólanna vegna þess. Það er mín skoðun að það sé í raun verið að mismuna nemendum með annað móðurmál en íslensku með því að ekki sé gert ráð fyrir þessum mikilvæga málaflokki.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum Helstu niðurstöður verða kynntar á kennarafundi í FVA en verkefnisstjórinn er í leyfi frá störfum og bíður það því aðeins. Einnig er áætlað að halda áfram þessari vinnu og þróa þetta enn frekar og þá að kynna annars staðar líka. Unnið er að því að útbúa nánara skipulag og áætlun fyrir kennslu erlendra nemenda og stuðning við þá við Fjölbautaskóla Vesturlands og verður það vonandi í næstu skólanámskrá skólans.

Dagsetning: 2. nóvember 2016

Undirskrift verkefnisstjóra _____

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla _____